

GÍSLI SIGURÐSSON

KÖTLUDRAUMUR

Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?

HANDRIT OG TEXTI

KÖTLUDRAUMUR er *sagnakvæði* undir ljúflingslagi, eins og fornyrðislag hefur stundum verið nefnt á síðari öldum. Það segir sögu af Kötlu á Reykjanesi sem fer til hulduheima í draumi, kemur þaðan barni aukin og þarf að gera manni sínum (og bræðrum í sumum gerðum) grein fyrir því hvernig komið er. Jón Helgason, prófessor, hefur skrásett um 80 handrit Kötlu draums frá síðari hluta 17. aldar og fram á 19. öld, eða fleiri handrit en af öðrum sambærilegum kvæðum. Á þessum tíma lifði kvæðið líka í munnlegri geymd og því segja handritin ekki alla sögu um útbreiðslu þess. Þau gefa þó vísbendingu um að Kötlu draumur hafi verið vinsælli en önnur íslensk sagnakvæði. Samt sem áður hefur kvæðið fengið litla umfjöllun í prentuðum bókmenntasögum og yfirlitsritum, nema helst í doktorsritgerð Jóns Þorkelssonar (1888:204–206) um kveðskap á Íslandi á 15. og 16. öld. Má því segja að hugmyndir manna um Kötlu draum séu mjög ómótaðar.

Útgáfur og óprentaðar uppskriftir handrita

Kötlu draumur var fyrst prentaður með orðamun og greinargerð um handrit hjá Ólafi Davíðssyni (1898, IV:4–29). Í aukinni endurútgáfu af safni Jóns Árnasonar (1961, VI:19–29) er kvæðið prentað eftir *Álfariti Ólafs í Purkey*, með athugasemdum um ólíkar gerðir Kötlu draums og Kötlu sögu, og hjá Sigfúsi Sigfússyni (1991, X:504–528) er Kötlu draumur flokkaður með gamanljóðum og grýlukvæðum: „Tekinn 1911 eftir mjög lélegu og þó eigi illa skrifuðu hdr. Jóns yngra Ögmundssonar frá Bárðarstöðum í Loðmundarfirði.“ (S.rit, 528) Tvær lausamálsfrásagnir eru varðveittar um efni Kötlu draums: Önnur er skrifuð af Jóni Árnasyni eftir kvæðinu sjálfu og munnlegum frásögnum, prentuð í frumút-

gáfu safns hans (1862, I:59–64). Hin er frásögn „að austan frá Magnúsi Jónssyni frá Felli“, varðveitt í Lbs. 531 4to. Guðrún Ingólfssdóttir (1983) hefur rannsakað tengsl þessara lausamálsfrásagna við ólíkar gerðir kvæðisins og sýnt hvernig sagnaritararnir hafa lagað efnið í hendi sér.

Jón Helgason rannsakaði handrit Kötluðraums fyrir útgáfu sína á *Íslenzkum miðaldakvæðum*. Því verki varð aldrei lokið eins og ráðgert var. Hugmynd Jóns (1953:167, sjá aftar um aldur Kötluðraums) um að sagnakvæði undir ljúflingslagi hafi mótast fyrir siðaskipti hefur trúlega ráðið þeirri ákvörðun að gefa sagnakvæðin út með miðaldakvæðunum. Ýmis rök gætu þó mælt með því að halda þeim fremur í félagsskap sagnadansa í *Íslenzkum fornkvæðum*. Til dæmis eru sagnakvæðin innan um og saman við fornkvæðin í handritum og voru oft nefnd fornkvæði, eins og kemur fram í inngangi Jóns Helgasonar (1962:xl) að *Íslenzkum fornkvæðum* þegar hann greinir frá þeim kvæðum sem hann ætlar ekki að prenta sem fornkvæði, það eru meðal annars: „Episke digte i eddaversemål, allittererende (skønt allitterationen ofte er forstyrret), optegnede efter mundtlig tradition, foreligger i talrige håndskrifter med varierende tekstformer. Betegnedes tidligere, ligesom folkeviserne, som fornkvæði.“

Það sem hér er sagt um gerðir Kötluðraums byggist á stafréttum uppskriftum úr fórum Jóns Helgasonar á tólf handritum, sem Jonna Louis-Jensen í Árnasafni í Kaupmannahöfn hefur veitt mér góðfúslegt leyfi til að nota. Sjálfur hef ég fært stafsetningu til nútímahorfs í tilvitnunum til kvæðisins.

Elstu handrit frá síðari hluta 17. aldar

Í handritunum tólf sem Jón Helgason hefur skrifað upp eru tvær megingerðir Kötluðraums. Hann nefnir þá styttri, með um 60 erindum, *A* (8 uppskriftir), og þá lengri, með nær 90 erindum, *B* (4 uppskriftir). Í umfjöllun minni um kvæðið hef ég skipt *A*-kvæðunum eftir lengd í *A1* (lengri, 6 uppskriftir) og *A2* (styttri, 2 uppskriftir). Upplýsingar Jóns um aldur og uppruna handritanna má draga saman í töflu á bls. 191.

Elsta varðveitta uppskrift Kötluðraums er í *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar* (AM 147 8vo) sem var skrifuð árið 1665. Þá eru fimm önnur handrit (2B og 3A) frá seinni hluta 17. aldar. Einnig er vitað um eldri, glataða uppskrift kvæðisins sem var í helgikvæðahandritinu AM 622 4to. Það handrit skrifaði Gísli Jónsson, síðar biskup í Skálholti, fyr-

B-gerð	A1-gerð	A2-gerð
Lbs. 558 8vo, skrifað af Eggert Ó Brím, d. 1893		
AM 154 8vo xi um 1680		
AM 154 8vo x um 1690		
Lbs. 1293 4to, Gráskinna Gísla Konráðs., 1848		
AM 147 8vo, Kvæðabók sr. Gissurar Sveins., 1665		
NKS 1141 fol skrifað á 18. öld		
Thott 489 8vo III skrifað á 18. öld		
AM 154 8vo viii skrifað um 1670		
*AM 154 8vo vi, skrifað af Arna Magn. um 1700		
JS 473 8vo skrifað um 1800		
AM 154 8vo vii skrifað um 1680		
AM 154 8vo ix skrifað um 1670		

1600

1700

1800

1900

Tafla 1: Hér er sýndur aldur þeirra tólf handrita Kötludraums sem Jón Helgason skrifaði upp.

ir 1549 en blöðum með Kötludraumi var aukið inn síðar (Jón Þorkelsson 1888:204; *Katalog.* 2:36). Þessa glötuðu gerð skrifaði Árni Magnússon upp um aldamótin 1700 í AM 154 8vo vi. Við þá uppskrift hefur hann ritað:

Þesse Kötludraumur er ritadur epter pergaments blöðum, sem inn voru bundin i bok þá i litlu 4to, er eg feck af Þorde Petursyne ä Holmi, og ä eru mörg heilög qvædi. Skriften ä Kötludrauminum er nyrre enn ä þeim heilögu qvæðunum, og illa skrifud

Jón Helgason (1967:173–174) segir að *Ábóta vísur* hafi verið eitt fjögurra kvæða úr þessari viðbót við AM 622 4to og að skrifin á vísunum

sé frá 17. öld, „snarere før end eftir 1650.“ Með þeim blöðum, sem eru það eina sem eftir er af viðbótinni, er miði með hendi Árna sem gæti þá bent til að forrit hans af Kötlu draumi hafi verið frá fyrri hluta aldarinnar:

Hier næst epter kom Kötlu draumr. sem eg hefi uppskrifadann. var med annarri hendi, enn ecki störs elldri enn þetta.

Ekki er víst hvaða ályktun má draga af þeirri staðreynd að svo mörg handrit Kötlu draums skuli vera til frá síðari hluta 17. aldar. Varðveittum uppskriftum fjölgar almennt um miðja 17. öld og yfirleitt er sú fjölgun handrita túlkuð svo að hún stafi af nýrri tísku að skrifa upp vel þekkt kvæði úr munnlegri geymd, auk þess sem pappír var orðinn ódýrari en áður. Hitt er líka hugsanlegt að margar uppskriftir á kvæðinu séu vísbending um auknar vinsældir þess á 17. öld. Ekki er þó víst að sú vísbending sé traust þar eð pappír er forgengilegt efni og elstu varðveittu uppskriftirnar voru allar nýlegar þegar Árni hóf söfnun sína. Eldri uppskriftir hefðu því hæglega getað glatast.

Efni Kötlu draums og ólíkar gerðir

Framan af kvæðinu eru gerðirnar nokkuð samstíga um efni og segja frá því að höfðinginn Már og hans væna kvinna Katla hafi búið á Reykjanesi. Eitt sinn þegar Már reið til Alþingis sótti svefn að Kötlu svo hún varð ekki vakin í fjögur dægur. Hún þótti fálynd þegar hún vaknaði og þegar Már kemur heim segir hún honum hvað hafi borið fyrir: Til hennar kom konan Alvör og leiddi Kötlu til sinna húsakynna og fyrir soninn Kár. Kötlu er gert að leggjast með honum. Eftir þetta verður efnismunur allnokkur. Hún virðist láta sér vel líka í *B* en óynði hennar er ótvírætt í *A*. Þegar hún býst til brottfarar lýsir Kár því að þau eigi son í vonum og leysir hann Kötlu út með gjöfum. Í *A* springur Kár af harmi við skilnaðinn en í *B* kemur Alvör til Kötlu löngu síðar og segir henni lát Kárs, með hefndarhug í brjósti. Í báðum gerðum tekur eiginmaðurinn Már sögu konu sinnar vel og segir að þau skuli ala drenginn (Kára í *B* en Ara í *A*) upp og láta á engu bera. *A* segir miklu rækilegar frá heimsókn Kötlu en *B* þó að meginatriði séu flest þau sömu. Gerðirnar verða hins vegar verulega ósamhljóða í lokakaflanum. *A* lýkur á því að sonurinn Ari fæðist og elst upp sem hinn ágætasti maður en í *B* er langur eftirmáli þar sem þau Katla og Már eignast annan son, Ara.

Ari kallar þann eldri, Kára, „hóru son“ þannig að bræður Kötlu heyra. Þeir bregðast illa við og vilja hefna en þegar þeir heyra málsatvik af munni systur sinnar róast þeir aftur og allt fer vel að lokum. Þessi viðbót um bræðurna er ekki nefnd í *A* gerðunum.

B (lengri gerð)	A (styttri gerð)
Kötlu líkar vel að leggjast með Kár.	Óyndi Kötlu er ótvírætt að leggjast með Kár.
Alvör segir Kötlu lát Kárs með hefndarhug, löngu eftir skilnað þeirra.	Kár springur af harmi við skilnað þeirra Kötlu.
Langur eftirmáli þar sem Katla og Már eignast annan son, Ara, og hún réttlætir huldusoninn Kára fyrir bræðrum sínum þegar þeir komast að faðerni hans.	Lýkur þegar huldusonurinn Ari fæðist.

Tafla 2: Helstu efnisatriði sem aðgreina *A* og *B* gerðir Kötlu draums.

Hver uppskrift úr munnlegri geymd

Svo mikill orðamunur er á milli einstakra afbrigða kvæðisins innan *A* og *B* gerðanna að líklegast er að þau hafi verið skráð beint úr munnlegri geymd. Í handritunum tólf er munurinn jafnvel svo mikill að hugsanlegt er að tala um hverja uppskrift sem sjálfstæða gerð. Mestur munur innan gerða er í lokaorðum *A* gerðanna. Jón Helgason hefur skráð allmikinn orðamun úr öðrum handritum en ekki verður ráðið af blöðum hans hvort hann hafi þegar komist að þeirri niðurstöðu að þetta væru einu uppskriftirnar sem voru skráðar beint úr munnlegri geymd.

Til að gera grein fyrir ólíku orðfæri og efnistöfum er hægt að skipta kvæðinu í kafla og bera saman einstök erindi í gerðunum þremur og uppskriftunum tólf:

I. Kynning aðstæðna fer fram í fyrstu tveimur vísunum í öllum uppskriftum. Sagt er frá nöfnum hjónanna, hvar þau búi og að með þeim séu góðar ástir. Fyrsta vísan og upphaf þeirrar næstu eru nær samhljóða nema í 1,7 þar sem vísað er til Kötlu með dæmigerðri *formúlu* úr *hefðbundnum* skáldskap, þar sem stofnorðið heldur sér en kenniorðið

er breytilegt: „menja skorð“, „menja slóð“, „menja bil“ og „menja ná“. Munurinn verður meiri í síðari hluta 2. vísu þegar *B* gerðin heldur áfram að lýsa ástum hjónanna en *A* gerðirnar víkja að vænleik Kötlu:

AM 154 8vo x (<i>B</i>)	AM 147 8vo (<i>A1</i>)	AM 154 8vo vii (<i>A2</i>)
2.	2.	2.
aldrei kom þar	þótti Katla	sögð var hún Katla
angur á milli	kvenna allra	kvenna allra
meðan á láði	vífa vænlegast	vænst og vitur
lifðu bæði.	vera skrautlegust.	og vífa skrautlegust.

II. Már fer til Alþingis í 3. vísu allra gerða en Katla situr eftir og „skyldi/vildi sauma“ honum „skyrta/skikkju“. Tvær uppskriftir *B* gerðar (Lbs. 558 8vo og AM 154 8vo xi) bæta við vísu um að Katla hafi felld tár við skilnaðinn og þar með riðlast erindatalið á milli gerða.

III. Katla sofnar í fjögur dægur svo að enginn fær vakið hana.

B gerðin lýsir því í fjórum vísu þegar Katla gengur til dyngju sinnar. Fóstri hennar fer á eftir, sér hana sitjandi „öndu svipta/firrtá“ svo að menn verða hryggir við. Hann situr svo „fálundaður“ yfir Kötlu í fjögur dægur uns hún vaknar og er þá „hryggð á hringa fríði/gunni“. Í þessum vísu *B* gerðar er orðamunur óverulegur.

A1 gerðin er frábrugðin *B* í þessum kafla. Í sex vísu er því lýst að „skrautvaxinn maður“ / „vel björt/albjört kona“ gangi úr skála og „dreisslát kona“ / „drós gullvafin“ / „skrautvafin mær“ / „dregileg kona“ fari inn og sofni. Þá koma „kátar konur“, sjá að hún sefur fast og þegar þær geta ekki vakið hana kalla þær fóstrann til. Hann leitar ráða til að vekja Kötlu en ekkert dugar svo hann má sitja yfir henni í fjögur dægur eins og í *B* gerðinni.

Í *A2* gerðinni eru fjórar vísur sem samsvara *A1* nema hvað ekki er sagt að neinn hafi gengið úr skála í upphafi og ekki er nefnt að fóstrinn hafi leitað ráða til að vekja Kötlu.

Orðamunur er allnokkur á milli gerða sem eru einna líkastar í þessum vísuhelmingi:

AM 154 8vo x (<i>B</i>)	AM 147 8vo (<i>A1</i>)	AM 154 8vo vii (<i>A2</i>)
6.	9.	7.
Sat yfir fljóði	Sátu yfir fljóði,	Sat yfir fljóði
full dægur fjögur	full dægur fjögur,	full dægur fjögur
<i>fálundaður</i>	<i>framlundaður</i>	<i>frómlundaður</i>

fóstri hennar
inni sagði hann...

fóstri hennar,
þá brá hún Katla...

fóstri hennar
þá brá hún Katla...

IV. Már kemur heim af þingi og spyr hvað ami að Kötlu.

Hér eru tvær vísur í *B* gerðinni um að Katla bregði af vana sínum og heilsa ekki þegar Már kemur. Hann spyr hverju það sæti og segir að hún muni ekki fá mein af mælgj sinni.

A1 gerðin lýsir heimkomunni ýmist í tveimur eða þremur vísum. Már spyr hvað „sökum ylli“ og „snótir/víf“ verða fyrir svörum í þremur uppskriftum (NKS 1141 fol, AM 154 8vo viii, AM 154 8vo vi) og lýsa því að ekki hafi verið hægt að vekja Kötlu í fjögur dægur. Ekki er getið um svar þeirra í hinum uppskriftunum en í þeim öllum snýr Már sér að konu sinni og spyr í hljóði hvað hafi komið fyrir.

Í *A2* eru tvær vísur um heimkomuna og að Már sjái að Kötlu sé brugðið. Hann spyr fyrst fólkið í kring og síðan hana sjálfa hvað í „svefnförum snótar væri“ án þess að honum hafi verið sagt að óynði Kötlu tengdist svefni (það kemur heldur ekki fram í AM 147 8vo í *A1*).

Orðalagsmunur gerðanna kemur ágætlega í ljós í lokahendingum kaflans, sem undirstrika jafnframt blíðlyndi Mús:

AM 154 8vo x (*B*)
9.
mein fær þú ekki
á mælgj þungri
þó mér sorgarefnið
segir hið rétta.

AM 147 8vo (*A1*)
11.
það er líkari,
að þér ei gjöri,
mein af mælgj
þó þú mér segir.

AM 154 8vo vii (*A2*)
9.
það mætti verða
þér yrði *ekki*
mein að mælgj
mér þó að segðir.

V. Frásögn Kötlu af draumför sinni í *hulduheima* er meginhluti kvæðisins, mjög mislangur eftir gerðum: rúmlega 20 vísur í *B* en nær 40 vísur í *A*. Hann skiptist í nokkra undirkafla:

a. *Ávarp Kötlu* sem leggur áherslu á gott samband þeirra hjóna og traust Kötlu á manni sínum. Í spurningu Mús og ávarpi Kötlu eru áheyrendur búnir undir að Már bregðist vel við raunum konu sinnar og taki á þeim af ástúð og skynsemi.

b. *Alvör kemur og leiðir Kötlu til sinna húsakynna*. Ein uppskrift *A1* gerðar (NKS 1141 fol) hefur stakt erindi þar sem Katla segist hafa sofnað áður en henni þótti sem kona kæmi til sín. Í hinum uppskriftunum nefnir hún ekki þennan undanfara en vindur sér beint í að segja: „Kona þótti mér koma í dyngju/skála“ þannig að ekki kemur fram í hvaða ástandi hún telur sig hafa verið. Síðar, þegar Katla er komin

heim til Alvarar, segist hún hafa „vaknað“, hvað svo sem hún á við með því.

B gerðin lýsir því í fimm vísur (fimm og hálfri í Lbs. 558 8vo) hvernig Katla og Alvör fara saman á ferju, og Alvör kynnir sig fyrir Kötlu sem sér „hennar (hagleg) húsakynni“. Vísurnar eru nokkuð samhljóða innbyrðis um orðalag en erindaröð er örlítið breytileg þannig að hálf erindi flytjast til.

Í *A1* eru þrjár uppskriftir með fimm vísur í þessum kafla, ein (AM 154 8vo viii) með sex og ein (NKS 1141 fol) með sjö. Lengri uppskriftirnar tvær og AM 154 8vo vi eru samstiga með erindaröð en í hinum tveimur víxlást vísurnar, heilar eða hálfar, þegar fyrstu vísu kaflans sleppir. Hver helmingur, utan einn, í þessum tveimur á sér samsvörun í hinum uppskriftunum.

Í *A2* eru fimm og fjórar vísur í þessum kafla, með víxluðum vísuhelmingum að lokinni fyrstu vísu. Hver helmingur á sér hliðstæðu í *A 1*.

Efnismunur *A* og *B* birtist í síðustu tveimur vísur kaflans í *B* (sem eiga sér ekki samsvörun í *A*) þegar Alvör kynnir sig sérstaklega og tekur Kötlu með sér á báti. Í *A* gerðunum segist Alvör aftur á móti eiga sín húsakynni „yfir á þvera“ en för þeirra Kötlu yfir vatn er ekki lýst.

c. Tekið á móti Kötlu að Alvarar.

Í *B* eru tvær vísur ætlaðar undir móttökurnar sem Katla fær áður en hún er leidd fyrir Kár, son Alvarar. Katla sér lítinn bæ og hagleg húsakynni, og er leidd inn í vandað herbergi þar sem fögur fljóð „þóttust mig allar þessar kenna.“

Mikill ofvöxtur hefur hlaupið í móttökurnar í *A* því að þar hljóma allt upp í tíu vísur áður en Kár kemur fram á sviðið (sjö í Thott 489 8vo III og níu í AM 154 8vo vi). Orðalagslíkindi milli gerðanna eru bundin við einstök orð líkt og í þessum helmingum úr upphafi kaflans:

AM 154 8vo x (*B*)

16.

Sá eg lítinn bæ

við lóðar skeiða

það voru hennar hagleg

húsakynni

AM 147 8vo (*A1*)

18.

Þá *sá* eg hennar

húsakynni,

hvergi var á bústað

betra að líta,

AM 154 8vo vii (*A2*)

16.

Þá *sá* eg hennar

húsakynni

leit eg ei betri

búgarð lítinn

Vísurnar sem á eftir fylgja í *A* eru nokkuð samstiga í báðum gerðunum. Nokkrir helmingar og línur víxlást og orðalagsmunurinn hér að neðan sýnir sveigjanleika textans:

AM 147 8vo (A1)
26.

Dreif í skála
skrautmanna lið
mjög þrúðbúnir,
þar þrýdd voru sæti,
27. [. . .]
allur var af gumnum
gólfhjörtur skipaður,

AM 154 8vo viii (A1)
28.

Dreif í skála
skjöldunga lið
þar var glæsilegur
hjörtur á gólf
skipaður allur

AM 154 8vo vii (A2)
24.

Dreif í skála
skrautbúið lið
var af gumnum
gólfhjörtur þakinn

d. Alvör leiðir Kötlu til sængur hjá Kár og hér verða gerðirnar mjög ósamstiga í lýsingum á samskiptum Kötlu og Kárs.

Í *B* eru 8 vísur með óverulegum orðamun fram að skilnaðarræðu Kárs um að þau eigi son í vonum (einni færri í Lbs. 558 8vo og einni fleiri í Lbs. 1293 4to). Í fyrstu vísunni biður Alvör Kár að vakna því að Katla sé komin. Katla horfir á og lýsir kurteislegri kveðju og eindreginni yfirlýsingu Kárs um að dauðinn bíði hans ef Katla fari frá honum. Alvör býr Kötlu „kerlaug“ og færir henni „vín drykk“ en hótar illu einu ef hún bregðist syni sínum. Kötlu er ekki sjálfrátt og hún verður að hlýða. Nokkru síðar kemur Alvör að sæng þeirra og segir að nú verði Katla að klæðast, „þó angur sé það arfa mínum“. Kár verður svo mikið um að Katla finnur til með honum og segist mundu hafa verið lengur ef feigðin hefði ekki „fundum slitid“. Ekkert er sagt um hvílubrögð elskendanna eða óyndi Kötlu. Áheyrandi veit ekki annað en skilnaður þeirra hljótist af feigð Kárs eða stjórnsemi móðurinnar og Katla geti jafnvel hugsað sér að vera áfram í sæng Kárs.

Í *A1* er samdrætti þeirra og skilnaði lýst á annan veg. Nokkur orðamunur er á milli uppskrifta og erindaröð riðlast aðeins í AM 147 8vo og AM 154 8vo vi. Hér hefur Kár lengri aðdraganda að kveðju sinni. Fram að hliðstæðu erindi í *B* um að þau eigi barn í vonum eru 9–12 vísur. Sem fyrr fylgist Katla með þegar Alvör vekur son sinn. Hann skilur að Katla muni „komin í skála“ og falast eftir ástum hennar í 3. vísu kaflans. Seinni hluti þeirrar ræðu verður sitt með hverju móti í uppskriftunum:

NKS 1141 fol (A 1)
33.
þó tel eg eigi á því
alla von vera

Thott 489 8vo III (A 1)
26.
þó er mér aldrei
ugglaust um það

AM 154 8vo vi (A 1)
30.
nú mun ekki
öllum raun um það

pér mun þykja	hvert samlyndur við mig	svinnust mun vera
þú nauðkvödd þar til.	sáttum eftir.	sögð að kvöldi.

e. Kár og Katla kveðjast með þeim orðum að Kár segir frá því að þau eigi son í vonum sem hún skuli nefna Kára (*B*) eða Ara (*A*). Kár gefur henni belti og hníf og ýmist hring (*B*) eða boga (*A*) handa syninum. Í *B* fær Katla líka skikkju af gulli, men og sylgju, en ekki er víst hvort hún fær nokkuð frá honum í *A*. Þar segir hann henni einungis að láta „glys“ sín og „föt, gulli búin,“ í „finnskjóðu niður“ en ekki kemur fram hvort þær gersemar eru gjafir hans. Ein uppskriftin í *A 1*, JS 473 8vo hefst hér í miðri ræðu Kárs en er heil allt til loka.

Í þremur uppskriftum *B* (Lbs. 558 8vo, AM 154 8vo xi og AM 154 8vo x) tekur skilnaðurinn aðeins þrjú erindi með smávægilegum orðamun þar sem Kár tilkynnir Kötlu um soninn og gefur henni gjafirnar. Í fjórða erindinu stendur Katla nauðug á fætur, klæðist skarti sínu og segir að nú tjói ekki „að tefja lengur.“ Í fjórðu uppskriftinni (Lbs. 1293 4to) er að auki sagt að Kár hafi sprungið af harmi og við það bætist einstæður kafli þar sem Alvör reiðist og hótar Kötlu: „eg sé nú á bak, / syni frægum / eins skaltu Katla / upp á horfa. (33.) Dauða bónda þíns [. .] þig mun eg heimsækja / þeim á tíma / og tvíkosti / kvendi bjóða. (34.) Erfiðlega / en annan skalt kjósa“. Þessari hótun er fylgt eftir síðar í *B* uppskriftunum.

Hver gerð segir frá ávarpi Kárs með sínu orðalagi:

AM 154 8vo x (<i>B</i>)	Lbs. 1293 4to (<i>B</i>)	AM 154 8vo viii (<i>A 1</i>)	AM 154 8vo ix (<i>A 2</i>)
26.	27.	41.	34.
Við munum eiga son í vonum skaltu Kára kvendið nefna	Fjöldygg kona far nú aftur við munum son einn saman ala	Við munum eiga svinn seimabil sérlega vænan svein í vonum	Við munum eiga allfræklegan frílundaðan svein í vonum

Í báðum *A* gerðunum tekur Kár sér tvö til fjögur erindi til viðbótar að kveðja Kötlu og víxlást erindaröð og vísuhelmingar nokkuð í þessum kafla. Í öllum uppskriftunum nema AM 154 8vo viii segir Kár að Katla skuli sýna Má hnossirnar þegar heim kemur. Í þeim öllum ráðleggur hann þeim að flytja bústað sinn yfir „á þvera“ og allar uppskriftirnar nema AM 154 8vo vi eru sammála um að þau skuli láta „tvær fugls þúfur“ standa við enda skálans. *A 2* gerðirnar bæta við tveimur erindum í lokin þar sem Katla lýsir því hvað þessar „tvær næt-

ur í bæ“ hafi verið sér þungbærar. Eiginleg kveðjuorð vantar í fjórum uppskriftum (AM 147 8vo (A I), AM 154 8vo vi (A I), JS 473 8vo (A I) og AM 154 8vo ix (A 2)) og nokkur orðamunur er á kveðjunni í hinum fjórum:

NKS 1141 fol (A I)	Thott 489 8vo III (A I)	AM 154 8vo viii (A I)	AM 154 8vo vii (A 2)
49.	39.	46.	42.
Hér mun eg skiljast skírleg við þig megum við síðan sjást aldrei þig mun eg lengi lauka ná muna mína um ævi máttu ráða af því.	Hér mun aðskiljast skrautlegt við mig munum við síðar sjást aldrei veit eg þó ekki hvert verður eða ei mín löng ævi máttu þar af ráða	Hér mun eg skilja skírleg við þig munum við síðan sjást aldrei veit eg þó ei hvað verða mun löng ævin mín og máttu ráða því.	Nú mun eg skilja skírlynd við þig og héðan aftur sjá aldrei þig mun eg lengi línggrund muna um mína ævi máttu ráða af því.

f. Alvör fylgir Kötlu heim.

Í *B* gerðinni lýsa tvö erindi því að Alvör kemur og leiðir Kötlu þegjandi (fyrir utan hinar einstæðu hótanir í Lbs. 1293 4to) að ferju sinni og fylgir henni heim að hliðgarði áður en hún hverfur á burt. Um orðalagslíkindi við *A* gerðirnar er ekki að tala.

Í báðum *A* uppskriftunum eru tvö erindi sem lýsa skilnaði Kötlu og Alvarar í fullum friði og Alvör biður Kötlu að njóta gersemanna því „það er Kárs vilji.“ Í *A I* uppskriftunum (nema AM 154 8vo vi) er eitt erindi að auki eftir að Katla er út gengin. Þá heyrir hún „brest í skála“ þegar Kár kennir „kaldan dauða“ og minnir það á Lbs. 1293 4to í *B* gerðinni þar sem hann „sprakk af harmi“. Uppskriftirnar eru mjög líkar að orðfæri í þessum kafla en erindaröð víxlast aðeins.

VI. Viðbrögð Mús við sögu Kötlu eru vinsamleg en þó ólík eftir gerðum.

Í *B* gerðinni eru uppskriftirnar nokkuð samhljóða og Mús lýsir því í tveimur erindum að hún skuli „hylja harma“ sína og láta eins og hann eigi barnið.

Uppskriftirnar í *A I* eru hver með sínu móti og ólíkar *B*. Mús tekur upp gersemar Kötlu úr huldheimum í tveimur erindum. Í AM 147 8vo segir hann að hún skuli hafa þær sér að gamni og mælir nokkur huggunarorð. Í NKS 1141 fol er eitt erindi þar sem Mús tekur huggandi utan um Kötlu sína og í AM 154 8vo vi mælir hann svipuð huggunarorð en

bætt er við erindi um að þau hafi flutt bústað sinn og allt gengið þeim í hag. Í Thott 489 8vo III er bara eitt erindi (sem er jafnframt síðasta erindið í uppskriftinni) um að Már vilji sjá hnossirnar. Hann stingur upp á að þau hirði gripina og hafi síðan í búning sinn. AM 154 8vo viii segist eins frá, og JS 473 8vo líka nema þar bætir Már við erindi með huggunarorðum líkt og í þremur fyrsttöldu uppskriftunum.

A 2 uppskriftirnar hafa þrjú nokkuð samhljóða erindi þar sem Már tekur gersemarnar, sættist við Kötlu og þau flytja bústað sinn „sem Katla þeim fyrir sagði.“

VII. *Katla eignast son* í öllum uppskriftum, í sumarbyrjun eða rétt þar um bil. Hann er „fagureygður“ í *B* gerðinni, ýmist „frábær“ eða „allfríður“ í *A 1* og „frameygður“ í *A 2*. Í *B* gerðinni eru fyrstu viðbrögð þau að Már gefur sig mikið að syninum en móðir hans minna. Áður en Már kemst að í báðum *A* gerðunum eru hins vegar þessir víshelmingar strax á eftir fréttinni um fæðinguna:

AM 147 8vo (<i>A 1</i>) 50.	AM 154 8vo vi (<i>A 1</i>) 51.	JS 473 8vo (<i>A 1</i>)	AM 154 8vo vii (<i>A 2</i>) 49.
sögðu snótir	sögðu snótir	sögðu snótir	þá sögðu konur
að koma mundi	komið hefði	að sjást mundi	að koma mundi
barn aldrei,	aldrei alvænni	barn aldrei	barn aldrei
betra sjónum.	sveinn fyrir sjónir.	betra sjónum.	bjartara ásýndum.

Eftir yfirlýsingu kvennanna eru allar *A* uppskriftirnar nokkuð samhljóða um að Már hyggi að sveininum og hvetji Kötlu til að unna syni sínum. Í NKS 1141 fol (*A 1*) og AM 154 8vo vii (*A 2*) mælir hann auk þess í hljóði að hún skuli kenna sér sveininn, – líkt og í *B* gerðinni þegar Már heyrði sögu Kötlu.

Í *B* gerðinni er sagt frá því að „nýtum sveini/pilti“ hafi verið gefið nafn og Már látið kalla hann Kára eftir sögu Kötlu. Það er jafnframt síðasta erindið sem á sér beina hliðstæðu í hinum gerðunum.

Tvær uppskriftir *A 1* gerðarinnar hafa aftur á móti beina ræðu með nafngjöfnni:

AM 147 8vo (<i>A 1</i>) 52.	JS 473 8vo (<i>A 1</i>)
Svo skal hann nefna, nafnvænlegastan,	[Svo] skal hann nefna nafni vänlega

fagra Ara
sem hans faðir mælti,

sem inn fagra Ara
sem faðir hans mælti

AM 154 8vo vi nær ekki lengra, en þrjár uppskriftir *A 1* hafa erindi þar sem Már biður Kötlu að færa sveininum gjafir föðurins að nafnfesti:

NKS 1141 fol 56.	AM 154 8vo viii 54.	JS 473 8vo
Fá þú með nafni þessum sveini heillynd kona hníf og belti alls skulum efna við okkarn son sem framfarinn faðir hans mælti.	Fáðu með nafni fríðum sveini horsklynd kona hníf og belti allt skulum við efna við okkar son það sem frómlundaður faðir hans sagði.	Fáðu með nafni þessum sveini, karsklynd kona kníf og belti, allt skulum við efna við okkar son það sem frómlundaður faðir hans mælti.

Kvæði *B* gerðar halda áfram eftir barnsfæðinguna og segja frá öðrum syni þeirra Más og Kötlu. *A* gerðirnar búa sig hins vegar undir að ljúka kvæðinu þegar hér er komið sögu.

VIII a. Lokakafli A gerða um frama Ara og góðar ástir til æviloka.

Einungis fjórar *A 1* uppskriftir af sex eru heilar allt til kvæðisloka. Þrjár þeirra (NKS 1141 fol, AM 154 8vo viii og JS 473 8vo) hafa fyrst tvö sameiginleg erindi um uppvöxt Ara og „almanna lof“ og segja að hann ýmist „fæðist“ upp eða „fræðist“ hjá Þorgilsi nokkrum. Tvær uppskriftir (NKS 1141 fol og AM 154 8vo viii) bæta við að enginn hafi staðið Ara á sporði þegar hann kom til Alþingis.

AM 147 8vo á samleið með uppskriftunum þremur sem segja nú frá búferlaflutningunum (sem voru þáttur í viðbrögðum Más við sögu Kötlu í AM 154 8vo vi og *A 2* kvæðunum) og allra síðast fara AM 147 8vo og JS 473 8vo sína leið og segja að sveinninn hafi vaxið upp og þau „ynntist / allt hið besta / um ævi sína / Már og Katla“ eða „unntust / allt hið besta / Már og Katla / um mæltu ævi.“

Eftir búferlaflutninga er stakt erindi í AM 154 8vo viii um fjölskyldu-sæluna á nýja staðnum en lokaorðin eru lík og í NKS 1141 fol. Þar er athyglisvert að vísað er til óþekktrar Helgu sem „verkbeiðanda“ og sagt að kvæðið sé 60 erindi. Aftan á síðasta blaði AM 154 8vo viii hefur einnig verið bætt við heldur ónotalegum áfellisdómi um kvæðið Kötlu-draum:

NKS 1141 fol 60.	AM 154 8vo viii	AM 154 8vo viii – aftanmáls
míg það Helga að hrósa skyldi kátlynd í brag Kötludraumi. 61.	60. Míg það hún Helga að eg hrósa skyldi kátlynd í bæ Kötludraumi	Kötludraumur kostanaumur kynlegt fræði uppdiktaður aflagaður ónýtt kvæði.
Minnstu hvervetna hvað eg segi og erindum öngvum gleymir svo að uppfyllist öll þeirra tala og sextugt verði síðast í kvæði.	minnstu hvervetna mengrund á það að sextugt yrði samið kvæði.	

Af A 2 uppskriftunum er það að segja að það vantar aftan á AM 154 8vo ix en í AM 154 8vo vii eru fimm lokaerindi. Hið fyrsta segir að Ari hafi verið ættarbot og að annars óþekktur Snæbjörn hafi „sniðað kvæði / og alþýðlega / ort það saman.“ Þá elst Ari upp og hlýtur almannanna lof á meðan „mjög vel unntust / Már og hún Katla.“ Að lokum eru þrjú erindi sem leggja út af kvæðinu í þá veru að nú megi seggir að hyggja hvort allt sé nú logið um „álfa kindur“ eins og vitnað er til hér á eftir.

VIII b. Viðbót B gerðar hefst í byrjun 36./37. erindis (í lok 40. erindis í Lbs. 1293 4to sem er sér um erindaskipan) og heldur áfram í um 50 samstiga erindum. Viðbótin er því nærri jafn löng og allt kvæðið í A. Orða- og erindamunur er óverulegur en þrjú erindi vantar í Lbs. 558 8vo, sem eru í hinum uppskriftunum: Fyrsta um samlyndi þeirra hjóna langa hríð eftir að sveinarnir eru fæddir; annað um að bræðurnir strengi þess heit að hefna með sverði við tíðindin um hóruson systur sinnar; og þriðja er innskot ljóðmælandans um form kvæðisins sem einkennist af því að „ekki sjást hér / eddukenningar.“ „Viðbótin“ skiptist síðan í nokkra undirkafla:

a. *Katla eignast annan son* og nú með manni sínum. Sá heitir Ari líft og einbirni huldumannsins í A gerðunum. Már er jafn elskur að báðum sonum konu sinnar en hún sjálf er fálát við huldusoninn þar til þau hjón ræða saman og Már sannfærir Kötlum um hlýhug sinn. Eftir það líða stundir fram í ást og samlyndi hjónanna (6 erindi, 5 í Lbs. 558 8vo).

b. *Alvör vitjar Kötlum í svefni og boðar hefndir* dag einn þegar Már er

farinn til veiða. Hún segir að misskipt sé með þeim, Katla hafi yndi af manni sínum en sonur hennar sé dáinn. Þá býður Alvör Kötlu tvo kosti: að missa Má eða verða fyrir svívirðingu sonar síns. Hún velur að halda manni sínum því að „allt fer um skammir / sem auðið verður, / en Már mun eg síst / missa vilja.“ Síðan skilja þær með sorg í huga (5½ erindi).

c. Már kemur heim og huggar Kötlu eftir að hún hefur sagt honum af komu Alvarar. Hann hughreystir hana, stingur upp á að þau bjóði bræðrum hennar til veislu þar sem hún skuli vera „fagnaðarsöm / sæl / við firða alla“ (4½ erindi).

d. Már býður mága sína velkomna til veislu og leiðir þá til sætis. Katla situr þrúðbúin og skrydd gjöfum úr hulduheimum, skikkju og meni. Már mælir fyrir veislugriðum með nokkuð fornlegri formúlu þar sem hann heitir á sól, vind, ís og sjó að veislan fari vel fram. Allir gera góðan róm að og hver uppskrift lýsir glaumnum með sínum hætti:

Lbs. 558 8vo 57.	AM 154 8vo xi 59.	AM 154 8vo x 58.	Lbs. 1293 4to 62.
heiður og æra	hvítungs bálið	hvítungs bylgjan	hvítungs bylgjan
hvern mann gladdi,	hölda gladdi	hölda gladdi	hölda gladdi.
var þar ölteiti	var þá íta hvör	var þá íta hvör	63. Þá voru ítar
öðru meira.	við annan glaður.	við annan glaður.	allir sátir

e. Samtal hálfbræðra á gólfi kemur upp um þá þegar hulduveinninn Kári biður móður sína að ljá sér menið góða. Þegar hjónabandsbarnið Ari sér þetta vill hann fá menið en Kári synjar þess og Ari sakar hann um að halda fyrir sér réttmætri eign: „heldur þú við mig, / hóru son leiður? / Því að eg á eign / okkar beggja“ (3 erindi).

*f. Viðbrögð við orðum Ara verða þau að Katla stendur upp og fer en Ásmundur hefur orð fyrir bræðrum hennar og spyr hvort systir þeirra skuli þá vera „ættar skömm.“ Katla vill fremur lífið láta en að menn viti leyndarmál hennar. Kurr kemur upp með bræðrunum Vilhjálmi, Sigurði (vantar í Lbs. 1293 4to) og Loga (*Bogi* í Lbs. 1293 4to) sem telja að nú sé varla „vært í sæti/sætum“. Eins og áður er getið hafa nú allar gerðirnar utan Lbs. 558 8vo eitt erindi þar sem bræðurnir munda vopnin og segja að svo ungur sveinn kunni ekki að ljúga, enda séu „rök til ræðu hans nokkur.“ Már tekur þá til máls og segir þeim að taka ekki mark á orðum barna en við það verða bræðurnir ólmir og vilja komast að hver rök séu til „ræðu sveina.“ Már upplýsir í tveimur erindum að*

Katla hafi ekki átt neina sök og spyr hvort þeir telji þá seka sem rati í vömm eða sjónhverfingar í blundi! (10 erindi, 9 í Lbs. 558 8vo).

g. Már sækir Kötlu og biður hana að koma og segja bræðrunum alla sögu, sem hún samþykkir (3 erindi).

h. Katla kemur og segir sögu sína þannig að bræðurnir sefast; enda með því að hæla Má fyrir hans þátt í þessu máli og mælast til ævilangrar vináttu við hann (6 erindi).

i. Að sögulokum er greint frá miklum ástum þeirra Mús og Kötlu, færslum búskap Kára, sem vissi sitt af hverju um „strauma gang og stjörnulistir“, og höfðingskap Ara sem margir menn eru komnir af (4 erindi).

B gerð Kötlu draums lýkur á þremur erindum (tveimur í Lbs. 558 8vo) um kvæðið sjálft, form þess og að nú sé fólki boðin þessi brag-smíð sem nefna megi Kötlu draum.

Samantekt

Af ólíkum gerðum Kötlu draums kemur fram að efnismunur þeirra er einkum fólgin í því að *A* gerðin blæs út heimsókn Kötlu til húsa Alvarar og gerir skýra grein fyrir óyndi Kötlu í sæng Kárs. *B* gerðin gefur hins vegar í skyn að Katla láti sér vel líka enda þótt hún sé sinnulaus vegna hótunar Alvarar. Með viðbót sinni leggur *B* gerðin einnig mesta áherslu á hörkuleg viðbrögð bræðra Kötlu og réttlætiskenn þeirra þegar þeir heyra öll málsatvik. Þá kemur dauði Kárs fram með ólíkum hætti í gerðunum, annars vegar í beinni frásögn í *A* en ekki fyrr en í orðum Alvarar í *B* eins og rakið var. Að öðru leyti eru efnisatriði flest þau sömu í þeim köflum sem sambærilegir eru.

Aftur á móti er munur á orðalagi og erindaskipan víða mikill, einkum á milli megingerðanna. Sums staðar, einkum í upphafi kvæðisins eða í byrjun hvers efnisþáttar, er orðamunur óverulegur svo stappar nærri orðréttir geymd. Þar sem munurinn er meiri í miðri frásögn má kalla textann „fljótandi“ og orðalagslíkindi eru þá bundin við einstök orð á stangli sem, ásamt efni, vísa til þess að hér sé um „sama“ kvæði að ræða. Þess eru einnig dæmi að breytileikinn sé haminn innan ákveðinna marka. Þá birtist frjálrsræði í textamedferð í því að algengum heitum er skipt út um umgjörðin helst lítið breytt. Er slík geymd ekki fjarri því sem Lars Lönnroth (1971:18) hefur haldið fram um eddukvæði:

It seems evident, however, that some parts of an Eddic poem were more susceptible to change than others, and these parts were probably, at least most of the time, the ones that were the least important from a structural standpoint, and which contained the most conventional, formulaic and "ornamental" material. On the other hand, most of the essential verse lines probably remained fixed in the tradition. We find a similar relationship between fixed and variable verse lines in the transmission of popular ballads.

Þessi lýsing á að nokkru leyti við um varðveislu Kötludraums. Sú meginhugmynd kvæðisins helst óbreytt í öllum gerðum og uppskriftum að Katla sé ekki í neinni sök þó að hún hafi orðið barnshafandi eftir annan en eiginmann sinn, enda hafi hún verið óvirkur þolandi í því máli. Mannþryði Más og samheldni þeirra hjóna virðist ávallt vera með svipuðu sniði.

ALDUR KVÆÐISINS

Elstu heimildir frá fyrri hluta 17. aldar

Elsta þekkta heimild um Kötludraum er í svigagrein við Grænlandsannál sem Ólafur Halldórsson (1978:283–292) telur að Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) hafi samið, líklega á þriðja áratug 17. aldar:

Þeirra son *var Már á Hólum (er nú kallast <á> Reykjahólum) er átti Þórkötlu (sem Kötludraumur er af) dóttur Hergils hnapp-rass, sem var sonur Þrándar hins mjóbeina, er nam Flatey. Sonur Márs eður Kárs og Kötlu var Ari;

(s.rit:39)

Síðan segir annállinn af hrakningum Ara til Hvíttramannalands sem ekki er sagt frá í Kötludraumi en Jón lærði gat lesið um í Hauksbók Landnámu, sem er sennilegt að hann hafi haft undir höndum. Árið 1641 ritar Jón *Samantektir um skilning á Eddu*. Þar nefnir hann Kötludraum og segir:

Menn kalla Lioð eitt gamallt Kötlu-draum sem menn viðkannaz at ec meina i öllum Islandz fiorðungum, oc er þat æfinntyr ecki at skrifa, at þat er Islandz monnum næsta alkunnigt, fiógr dægr

skyldi hon hafa Legit, eðr sva sem sofit i þeirri Liufllings Leipslu, hnossirnar hafði hon fengit syniligar, enn hvert sa Ari sonr hennar var Mársson eðr Karsson er i efanum, sem fleira annat. Su Katla var dottir Hergilsar or Hergilsey, hans faðir Þrandr Miobeine sem nam Flatey.

(*Sth. papp. 38 fol. bl. 96v; væntanlegt í útgáfu Einars G. Péturssonar*)

Næst segir Jón frá Skíðarímu og nefnir þá „heilagra manna Leiðslr af þeim gomlu skrifaðar, sem nu eru forkastaðar“. Þannig má álykta að hann hafi tengt bæði Kötluðraum og Skíðarímu við leiðslubókmenntir. Í máli Jóns kemur og fram að Kötluðraumur sé „gamalt ljóð“ og útbreitt í öllum landsfjórðungum. Ekki verður þó sagt með vissu hvað má álykta um aldur kvæðisins af orðum Jóns: Hvað gat hann til dæmis vitað um aldur höfundarlaus kvæðis með þjóðsagnaefni sem er þekkt víða að? Mikil útbreiðsla þarf heldur ekki að vitna um háan aldur því að við vitum ekki hvað kvæði var lengi að breiðast út um allt land og ná vinsældum fyrir daga nútímafjölmiðlunar. Eins er alls óvíst hvaða gerð eða gerðir kvæðisins voru á sveimi um Ísland á dögum Jóns lærða, eða hver hin *upphaflega gerð var ef kvæðið var þá þegar orðið mjög gamalt. Var það *A* gerð eða *B* gerð eða einhver allt önnur gerð?

Aðra heimild, álíka stuttaralega, má rekja eftir krókaleiðum aftur til daga Jóns lærða. Á efri árum ritaði Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) á miða við *eg bý* í orðabók sinni að Kötluðraumur hafi verið með í álfariti sem Þormóður Torfason (1636–1719) eignaði sr. Einari Guðmundssyni á Stað á Reykjanesi (16./17. öld). Á miða þessum virðist Grunnavíkur-Jón rugla riti Einars saman við *Philosophia naturalis* sem hann hafði áður eignað Sigurði Stefánssyni („Sigvardus Stephanus, et Sigurdus Stephanius“), skólameistara (d. 1595), eins og Jón Samsonarson (1967:251) hefur bent á. Athugasemd Grunnavíkur-Jóns er svona í útgáfu nafna hans Samsonarsonar:

item Rector quidam Schalholtinus, Einar nomine, ut accipi, tempore Episcopi Brynoolfi, vel circiter florens, et munere ibidem Rectorali Scholæ fungens. Latinè conscriptum, in qvo dictos Spiritus vocat Latine Essentias subterraneas, et Semi-homines. Scriptum verò id suum Philosophiam Naturalem multa ibid. frivola allegata, ut Kötlu Drøm (Somnium Katlæ) et similia.

Jón Helgason (1926:113) hélt þessum ritum ekki heldur alveg aðgreind-

um í bók sinni um Grunnavíkur-Jón þar sem hann gerir eftirfarandi athugasemd þegar hann getur um að sagan af slysadauða Sigurðar skólameistara Stefánssonar (sjá hér aftar) sé skráð við „ljúflingur“ í orðabók Grunnavíkur-Jóns:

Svo nefnir Jón hann [þ.e. Sigurð] rjett í Add 3 fol 100 r, en í orðabókinni er hann kallaður Stefán (við „álfur“) eða Einar (við „eg bý“). Jón hefur lesið álfarit hans [Sigurðar? Einars?], og getur hann þess fyrst í brjefsútdrætti til Vigfúsar Jónssonar 1732: „Beðinn að spyrja föður sinn, hvert sra. Ólafur Jónsson gamli skólameistari er author til skriftsins um drauga og álfa, er á latínu skiftist í tvo libros, kallast þar Philosophia naturalis. 1. cap. inniheldur geniorum seu umbrarum examen etc.“. Álfar voru í þessu riti kallaðir essentia subterranea og semihomines. Kötludraumur var tekinn þar upp. – Sbr. Landfræðissögu II 26, Skólameistarasögur 83, 213.

Ekkert er sagt um Kötludraum í þeim bókum sem Jón Helgason nefnir og svo virðist sem hann telji Einar á miðanum aðeins vera nafnarugling fyrir Sigurð skólameistara – en það væri ákaflega merkilegt ef Kötludraumur hefði verið í riti Sigurðar, Philosophia naturalis, því að hann dó árið 1595. Svo var þó ekki.

Af Einari Guðmundssyni er það að segja að hann er talinn fæddur á bilinu 1585–90 og var orðinn prestur 1614. Nú eru aðeins varðveitt endursögð brot úr álfariti hans í latínuformála Þormóðs Torfasonar að *Historia Hrolfi Krakii* (útg. 1705) en Þormóður var bróðursonur konu Einars og kynntist honum í æsku. Einar Ól. Sveinsson (1942) gaf brotin út í íslenskri þýðingu í 7. bindi *Blöndu*. Í formálanum fjallar Þormóður meðal annars um sannindi Hrólfis sögu og segir hana fulla af skröksögum þó að þeir séu til sem telji slíkar sögur sannar. Því til staðfestingar vitnar hann í lifandi huldufólkstrú eins og hún birtist í riti sr. Einars. Þar kemur að hann ræðir um huldukonur sem hafi átt börn með mennskum mönnum, og beri þau til skírnar, en það hafi þó oft farið á annan veg eins og þegar Þorkatla, kona Más, varð þunguð eftir Kár bergbúa og átti soninn Ara, sem kvæðin (athyglisvert er að Þormóður notar fleirtölu) um þá sorglegu atburði votta:

cujus gentis mulieres etiam ex nostris conceperunt infantes, qvæ sacro fonte suos liberos ablui, & Christianismo initiari avidè, sed pleræqvæ frustra, expetiverunt. (Jamqvæ ad exempla procedit.)

Thorkatla Mari uxor Kari Saxicolæ congressu gravida facta, filium, Aresum nomine, peperit; ut Ode de illo fatali casu confectæ testantur.

(*Pormóður Torfason 1705:12*)

Ekki verður vitað hvort allt kvæðið var í þessu riti eins og ætla mætti af miða Grunnavíkur-Jóns. Hugsanlega bendir svigagrein Pormóðs, um að nú fari Einar að rekja dæmi, til þess að þar hafi hann hlaupið yfir kvæðið. Einar var enn á lífi árið 1649 en hvorki er vitað hvenær hann skrifaði álfaritíð né hvernig sá Kötludraumur var sem hann þekkti. Þó er athyglisvert að Einar var um tíma prestur á Reykjanesi þar sem þau Katla og Már bjuggu forðum tíð. Ekki er ósennilegt að áhuga Einars á kvæðinu megi tengja við prestskap hans þar.

Hugmyndir fræðimanna um hærri aldur

Ekkert verður nú sagt um upphafsmann kvæðisins eða hvort það muni fyrst hafa verið ort á pappír, eða komist á bækur úr minni skrifara eða eftir munnlegum flutningi. Ólafur Davíðsson (1898:16) hafnar algjörlega fullyrðingu Hallgríms Jónssonar (1780–1836) að kvæðið sé eftir Jón Guðmundsson lærða og vísar til orða Jóns sjálfs um kvæðið (sbr. hér að ofan). Jón Helgason (1953:167) taldi víst að sagnakvæði hefðu gengið í munnlegri geymd fyrir ritun og sagði að hefð slíkra ævintýra- og sagnakvæða undir ljúflingslagi hefði efalaust mótast fyrir siðaskipti. Hann færir þó engin sérstök rök fyrir þeirri aldursákvörðun en hefur líklega í huga orð Jóns lærða um að kvæðið sé gamalt og alkunnugt á hans dögum. Einnig gerir hann ráð fyrir að einhver óslitinn þráður hafi legið frá hefð eddukvæða til sagnakvæðanna sem styðjast við sams konar bragarhátt og skáldamál að nokkru leyti þó að efnið sé ekki hið sama.

Jón Þorkelsson (1888:205) hafði áður notað, með miklum fyrirvara, tengsl persóna Kötludraums við þekkt fólk úr fornritum sem vísbendingu um aldur: „har vi så ikke heri et kriterium for at Kötludraumur er af en betydelig ælde?“ Nokkrar persónur Kötludraums, Þorkatla, Már og sonurinn Ari, eru nefndar í Landnámu (S 122, H 94, M 35). Þar segir meðal annars að Már hafi búið á Hólum og verið sonarsonur Úlfs ins skjálga er nam Reykjanes allt milli Þorskafjarðar og Hafrafells. Í Landnámu fer þó engum sögum af undarlegum draumförum Kötlu eða

viðbrögðum Más og bræðra Kötlu við þeim tíðindum að hún hafi orðið barnshafandi af völdum draummanns. Af nafnatengslum við fornritin verður því ekkert ráðið um aldur sögunnar í Kötlu draumi. Vésteinn Ólason (1982:132) er miklu varkárari í aldursákvörðun sinni en hann segir aðeins að kvæðið hafi verið skrifað í ýmsum gerðum úr munnlegri hefð á 17. öld, og hafi ekki getað verið ort síðar en á 16. öld.

VINSÆLDIR KÖTLUDRAUMS Á 17. ÖLD

Hægt er að efast um hvort það sé raunhæf spurning að spyrja um aldur kvæðis á borð við Kötlu draum. Texti kvæðisins í elstu handritum er svo breytilegur að engar ályktanir er hægt að draga af þeim um aldur eða orðalag hinnar *upphaflegu gerðar. Við vitum ekki heldur hvernig sú gerð þyrfti að vera til að geta talist sama kvæði og sá Kötlu draumur sem við þekkjum. Í stað þess að huga að aldri getum við reynt að halda okkur við hinar varðveittu uppskriftir og sagt sem svo að mörg handrit séu að minnsta kosti til vitnis um allnokkra útbreiðslu kvæðisins á þeim tíma sem þau voru skrifuð. Í framhaldi af því má spyrja hvort einhver ástæða sé til þess að Kötlu draumur verði svona vinsæll í uppskriftum þegar líður á 17. öld. Tengist hann hræringum í þjóðlífinu á þeim tíma þannig að skýra megi vinsældir hans?

Hluti af efni Kötlu draums er sóttur í vel þekkt minni úr munnmælum um samskipti mennskra kvenna og huldumanna (sbr. Thompson, 1934:F300–399). Því er ekki hægt að tala um aldur sjálfs söguefnisins. Ástamál ber líka víða á góma í sagnadönsum (Nína Björk Elíasson, 1980:145–147; Types of the Scandinavian Medieval Ballad: D 1-D 440) og í þjóðsögum frá 19. öld eru þekkt dæmi um ástir mennskra manna við huldufólk eins og Guðrún Bjartmarsdóttir (1982) hefur rakið og tengt við rómantíska drauma og óuppfyllta ástarþrá sem fólk hafi fullnægt í sögum.

Áhersla á viðbrögð við vanda

En umgjörðin í Kötlu draumi er sérstæð og allrar athygli verð. Fræðimenn hafa einkum nefnt að kvæðið fjallaði um óendurgoldna ást huldumanns á mennskri konu. Einar Ól. Sveinsson (1940:81) segir kjarna þess til dæmis vera „ofurást huldumanns á mennskri konu og

trega hans, þegar hún yfirgefur hann og fer til mannheima.“ Í sama streng taka Jón Helgason (1953:168) og Guðrún Ingólfsdóttir (1983:1) en hún segir: „Yfir kvæðinu hvílir rómantískur tregablær, enda fjallar það að nokkru um óendurgoldna ást. Huldumaðurinn Kári reynir með hjálp móður sinnar að heilla til sín mennska konu, Kötlu, og tekst að ná henni til sín yfir í huliðsheima. Katla festir hins vegar ekki yndi með þeim og er fylgt aftur til mannheima, en Kári springur af harmi.“ Svipuð áhersla kemur fram í nýlegri bókmenntasögu þar sem Böðvar Guðmundsson (1993:484) segir efni kvæðisins vera álfasögu.

Þessar lýsingar falla ekki alls kostar að efni Kötlu draums því að í kvæðinu sjálfu er tiltölulega lítið gert úr ástum huldumannsins en meiri áhersla lögð á vanda eiginmanns og bræðra sem þurfa að bregðast við þegar eiginkona og systir eignast barn með öðrum en maka sínum. Meginmunur kvæðisgerðanna er einmitt fólgin í ólíkum efnistöfum þegar kemur að viðbrögðum við þeim tíðindum að Katla hafi átt barn með öðrum en eiginmanni sínum. A-gerðirnar láta nægja að eiginmaðurinn þaggi málið niður með konu sinni, en í B-gerðinni er líka sýnt hvernig bræður hennar bregðast við.

Stóridómur settur 1564 og „glæpur“ Kötlu

Eftir siðaskipti um miðja 16. öld tóku valdsmenn upp strangt eftirlit með ástamálum þegna sinna. Stóridómur var settur á Alþingi árið 1564 og þar með hóf ríkisvaldið að rétta í málum sem höfðu áður verið rekinn af höfðingjum og kirkju (Inga Huld Hákonardóttir 1992:68–69). Um leið þyngdust refsingar verulega og í Stóradómi er meðal annars kveðið á um að fyrir hördómsbrot skuli koma sektir og húðlát eftir fyrsta og annað brot en líflát eftir þriðja brot (s.st.:282). Þessi líflátsdómur var mildaður árið 1614, þegar Alþingi samþykkti „um þriu Einfold Hordoms Brot. að þar skyllde ecke lijfsstraff vid liggia helldur landz utlegd.“ (*Alpb.* IV, bls. 227). Eftir aldamótin 1800 fara að koma fram konungsbréf og tilskipanir sem nema Stóradóm smám saman úr gildi og var smiðshöggð rekið á það verk árið 1838 (Davíð Þór Björgvinsson 1984:21–22). Áður hafði þó dregið úr refsigleðinni smám saman þannig að dauðadómi vegna hjúskaparbrotts var síðast fullnægt 1681, vegna sífjaspella 1763 og vegna dulsmála 1792 (Inga Huld Hákonardóttir 1992:235).

Fyrst eftir setningu Stóradóms virðast menn hafa verið tregir til að

framfylgja honum en þegar kom fram á 17. öld var tekið að beita honum miskunnarlaust (Þorgeir Kjartansson 1982:5; Davíð Þór Björgvinsson 1984:18–19). Á áratugnum 1641–1650 „má segja að 3. til 4. hvern dag hafi þar lent í höndum réttvísinnar“ (Þorgeir Kjartansson 1982:10) fyrir ólöglegt kynlíf, og eru það 92,5% af skráðum afbrotamönnum á því tímabili (s.rit:10–11).

Á undanförunum árum hafa Eiríkur Þorláksson, Þorgeir Kjartansson, Davíð Þór Björgvinsson, Inga Huld Hákonardóttir og Már Jónsson skrifað mest um þá „glæpi“ sem Stóridómur náði til, og viðbrögð fólks sem varð að réttdræpum sakamönnum eftir setningu hans og reyndi eðlilega að hylma yfir „glæpi“ sína. Af þeim gögnum sem þau hafa dregið fram er ljóst að landsmönnum hefur orðið mikið um þessa ströngu löggjöf. Guðmundur Andrésón gekk svo langt að rita ádeilu á Stóradóm, sem hann hafði sjálfur verið dæmdur eftir, og sendi Arngrími lærða ritgerð sína 13. júní 1648, *DISCVRSVS OPPOSITIVUS edur gagnstæd yfferferd lögriettunnar dom titils sem geingid heffur a Alþingi Anno 1564*. Arngrímur dó nokkrum dögum síðar og ritgerðin komst í hendur yfirvalda sem sendu Guðmund í Bláturn árið eftir. Þaðan var honum sleppt fljótlega, meðal annars fyrir atbeina Ole Worm, en bannað að snúa aftur til Íslands. Hann settist því að við fræðistörf í Kaupmannahöfn til dauðadags 1654 (Jakob Benediktsson 1948 a:xii-xviii). Þrátt fyrir harkaleg viðbrögð yfirvalda fékk gagnrýni Guðmundar mikinn hljómgrunn með þjóðinni eins og fjöldi uppskrifta á riti hans sýnir (s.rit:xliv-lv). Og Stóridómur hjó nærri sjálfum Árna Magnússyni því að Jón bróðir hans var margdæmdur fyrir síendurtekin hördómsbrot; loks til dauða árið 1730 en var náðaður af konungi.

Katla í Kötludraumi hefði verið sakakona samkvæmt ákvæðum Stóradóms og því er áhugavert að kvæðið skuli koma fram úr dimmu aldanna nokkru eftir að áhrifa hinna nýju laga tekur að gæta í samfélaginu. Vandamál kvenna við barnsfeðranir verða æ meira áberandi í dómskerfinu á þessum árum. Björn Jónsson á Skarðsá (1574–1655) segir frá í annál sínum árið 1624 að: „Ein kvinna ól barn og kendi huldumanni, sú kom til alþingis, stóð á sama; það var í Rangárvallasýslu.“ (*Annálar* I:218) Ekki eru fleiri heimildir til um mál þessarar konu (Már Jónsson 1989:38) en hún hefur staðið í svipuðum sporum og Katla í kvæðinu. Mál hinnar ónefndu „kvinnu“ er því vísbending um að einhver hluti þjóðarinnar gæti hafa tengt atburði Kötludraums við raunverulega atburði á fyrri hluta 17. aldar.

Trú og vantrú fólks á 17. öld á barnsfeður úr huldheimum

Prátt fyrir hugsanlega trúgirni almennings hafa yfirvöld varla tekið fullt mark á sögum mæðra um huldufeður barna sinna. En kirkjunnar menn hafa verið í vanda settir að afneita þeim möguleika algjörlega að konur gætu fætt barn án undangengins holdlegs samræðis, samanber þegar Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup gerði sitt besta til að trúa frásögn Þórdísar Halldórsdóttur árið 1612 um að hún hefði eignast eingetið barn fjórum árum fyrir (Inga Huld Hákonardóttir 1992:195–196). Andleg yfirvöld virðast meira að segja hafa haft nýlegar spurnir af því að konur gætu orðið barnshafandi úr öðrum heimi. Hinn 28. júlí árið 1651 skrifar Brynjólfur Sveinsson biskup Ole Worm bréf með vísnaskýringum þar sem hann ræðir meðal annars um nafnið „Álf-rúnu“ á konu sem umgengst álfa all náði, eins og lesa megi um hjá Jordanes (?). Hann segir síðan að forfeður sínir hafi munað eftir dæmum um slík sambönd kvenna og álfa, hvort sem þau voru raunveruleg eða uppdiktuð, en kemur sér undan að lýsa sinni skoðun með því að segja það ekki samræmast hinni réttu trú í dag:

„... qvam nullus dubito Alf-Runam fuisse, hoc est Alforum numine inspiratam atqve illis familiarem fæminam, Alforum velut contubernalem atqve eorundem velut conjugem, qva cum familiaris versarentur, ὁαριστόν, qvomodo et apud Jornandem legam. Duravit ad patrum usqve memoriam inter nos Alficæ illius consvetudinis, atqve ex consvetudine divinationis aut figmenta aut exempla, qvæ vereor ne non bona fide hodieqve desita sint.“

(Jakob Benediktsson 1948b:127)

Í AM 154 8vo vii er gengið svo langt að leggja út af álfatrúnni í lok Kötluðraums:

55.
Hér mega seggir
svinnir að hyggja
hvort allt er logið
um álfa kindur
lasti því enginn

56.
Heilir séu álfar
fyrir hylli sína
með högum og munum
hamingju bíði
legg eg það á þá

57.
Eins munu þeir
og aðrir að jafna
misjafnir menn
eg má svo vel segja
gefist þeim gæfa

ljúflings arfa
heldur meinlaust
um manns börn ræði.

þeim lukkist allt betur
en hinir aðrir
af hatri mæla.

og gríðastaður
heilir veri álfar
en hróðurinn falli.

Endir

Sýslumaðurinn Benedikt Magnússon Bech (1674–1719) hefur tekið nægilega mikið mark á trú manna á frásögn Kötludraums til að sjá ástæðu til að yrkja 69 erinda kvæði, Ljúfling edur censura yfir Kötludraum, gegn Kötludraumi og því að konur gætu orðið barnshafandi eftir huldumenn. Í handriti hans, Lbs. 2676 4to, segir svo í 8. erindi:

Ad Andi giete kvidgad kvinnu,
þo kinne ad vejta Amors sinnu,
þad er Nipurt Narra spil,

Hin hörðu viðbrögð sýslumannsins gætu því bent til þess að sumir samtímamanna hans hafi getað trúað skýringu Kötlu þó að hún hafi ekki staðist gagnvart yfirvöldum í dómsmálum. Ekki kemur heldur annað fram í ritum manna um álfa, anda og púka á 17. öld en að höfundar þeirra trúu á slíkar verur (Þorvaldur Thoroddsen 1898:26–27) – enda hefndist Benedikt fyrir kvæði sitt gegn Kötludraumi eins og segir á bls. 419 í Gráskinnu Gísla Konráðssonar (Lbs. 1293 4to), í grein um Jón Bergmann (Steinsson, biskups, 1696–1719):

var þat nú eittsinn, at þeir hittuz Benedict systlumadur Bech ok Jón Bergmann, því auknafn þad tók hann ytra, komu þeir í kappræðu nokkra ok er Jóni þótti Benedict vera all ordhvass, er sagt hann mælt hafi: „Ekki verdr þú jafnstælltr Benedict! þegar selrinn rífur þik“, en Benedikt þá sagt: „Ekki mun eg þó drepa mik sjálf“. Þótti hverutveggja verda spámæli fyrir því Benedikt drukknadi sídan í Heradvótnum; eignudu þad fáfródir menn álfum, fyrir því at kvedit hefdi hann móti Kötludraum.

(úr uppskrift Jóns Helgasonar)

Fleiri hafa hreytt ónotum í Kötludraum og Jón Þorkelsson (1888:206) vitnar til þess að sýslumennirnir Jón Jakobsson og Jón Espólín „kaldar Kötludraumur ‘uefterrettelig i højeste måde’“. Og aftan á síðasta blaði handrísins AM 154 8vo viii standa þau óvinsamlegu orð um kvæðið sem áður var vikið að. Ólafur Davíðsson (1898:16) nefnir að Jón Ólafsson úr Grunnavík kalli kvæðið „skammarlegan tilbúning“ í skýringum sínum við Snorra-Eddu (AM 979 4to) og telji „að kvæðið sé mjög

blandið ýkjum og ónýtt, og að það hafi verið að maklegleikum að Benedikt Bech kvað á móti því.“ Jón hefur þó verið hallur undir álfa, hugleiðir til dæmis álfarit Sigurðar skólameistara Stefánssonar og segir af þeim sögur í orðabók sinni, meðal annars að álfarnir hafi dregið Sigurð ofan í Brúará í hefndarskyni fyrir að hann hafi ljóstrað upp um leyndarmál þeirra (Jón Helgason, 1926:113–114).

KÖTLUDRAUMUR OG RÍKJANDI HUGMYNDAFRÆÐI Á 17. ÖLD

Af fjölda handrita Kötludraums frá 17. öld og fram á þá 19. má ráða að efni kvæðisins hafi verið fólki ofarlega í huga á þessum öldum. Víst er að vandi Kötlu, sem verður uppvís að því að vera þunguð og eignast barn með öðrum en löglegum eiginmanni sínum, hefur brunnið mjög á körlum og konum eftir að farið var að framfylgja Stóradómi af fullri hörku á 17. öld. Það er þó ekki röksemd fyrir því að Kötludraumur hafi fyrst verið kveðinn eftir að Stóridómur var settur en bendir aðeins til þess að vinsældir kvæðisins í handritum frá 17. öld gætu að minnsta kosti skýrst af því ástandi sem dómurinn leiddi yfir þjóðina.

Munnleg geymd veldur því að sögur og kvæði eru síbreytileg og laga sig að aðstæðum hverju sinni þannig að þau eru heimild um hugarfar og aldarhált á flutningstíma sínum. Sú réttlætisvitund sem býr að baki Kötludraumi boðar mildi og fyrirgefningu vegna hjúskaparbrots eigin konu. Slík mildi gengur þvert á gildandi lög í landinu eftir siðaskipti, þegar konur voru sekar um siðferðisbrot jafnvel þótt sannað væri að þeim hefði verið nauðgað (Inga Huld Hákonardóttir 1992:199–203). Undir slíkum lögum hefði Kötlu dugað skammt að bera fyrir sig að hún hafi ekki sóst eftir samförum við Kár „Alvöruson“ og verið viljalaust verkfæri í höndum móður hans. Vinsældir kvæðisins sýna að hugarheimur fjölmargra landsmanna hefur ekki verið í samræmi við lögin eða ríkjandi trúarbrögð (sbr. líka Þorgeir Kjartansson 1982:7) heldur staðið miklu nær því sem okkur er tamt að kenna við nútímalegt umburðarlyndi. Ef marka má kvæðið hefur slíkt umburðarlyndi verið mun almennara á fyrri öldum en opinberar heimildir gætu gefið tilefni til að ætla. Þannig sýnir dæmið af Kötludraumi að það er varasamt að ætla alþýðu manna of mikla fylgispekt við hugmyndafræði andlegra og veraldlegra yfirvalda.

LOKAORÐ UM LÆRDÓM OG BÓKMENNTIR

Sú spurning vaknar þá að lokum hvort hugsanlega megi eitthvað af þessari niðurstöðu læra um aðferðir okkar við að nálgast hugarheim íslenskra miðaldamanna. Í rannsóknum á því sviði hafa menn oft lesið saman lög, kennisetningar kirkjunnar, heilagra manna sögur og veraldlegar frásagnir, rétt eins og sami hugarheimur og réttlætisvitund kæmu fram í þessum ólíku bókmenntaverkum. Helsta röksemdin fyrir slíkum samlestri hefur verið sú að menntamenn hafi staðið að sagnarituninni og að þeir hafi verið vel lærðir á miðaldavísu og fylgt þeirri hugmyndafræði sem kirkjan innrætti þeim. Þannig ætti trúarlærdómsins að sjá stað í verkum þeirra. Kötludraumur getur varað okkur við slíkum samslætti hugmyndaferfa, og verið okkur vísbending um að hinir veraldlegu sagnaritarar gætu hafa sýnt nokkurt sjálfstæði gagnvart skólabókum kirkjunnar – sem þeim hefur eflaust gengið misvel að tileinka sér. Hætt er við að þorri fólks hafi alla tíð sagt sögur og flutt kvæði sem gengu þvert á það gildismat sem andleg og veraldleg yfirvöld innrættu þegnum sínum, með misjöfnum árangri, þá ekki síður en nú.

HEIMILDIR

- Alþingisbækur Íslands* IV (1606-1619). Sögufélag gaf út, Reykjavík 1920–1924. *Annálar 1400-1800* I. Gefnir út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík, 1922–1927.
- Böðvar Guðmundsson, 1993. *Íslensk bókmenntasaga* II. Vésteinn Ólason ritstj. Mál og menning, Reykjavík.
- Davíð Þór Björgvinsson, 1984. „Stóridómur.“ *Erindi og greinar* 9. Félag áhugamanna um réttarsögu, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson, 1940. *Um íslenskar þjóðsögur*. Á kostnað sjóðs Margrétar Lehmann-Filhés, Reykjavík.
- , 1942. „Álfarit séra Einars á Stað.“ *Blanda* VII, 251–257.
- Eiríkur Þorláksson, 1976. „Stóridómur.“ *Mímir* 24, 20–27.
- Guðrún Bjartmarsdóttir, 1982. „Ljúflingar og fleira fólk: Um formgerð, hugmyndafræði og hlutverk íslenskra huldufólkssagna.“ *Tímarit Máls og menningar* 3, 319–336.
- Guðrún Ingólfssdóttir, 1983. Kötludraumur: Tengsl sagna og kvæðis. ópr. námsritgerð úr námskeiði hjá Jóni Samsonarsyni við H.Í.
- Inga Huld Hákonardóttir, 1992. *Fjarri hlýju hjónasængur*. Mál og menning, Reykjavík.

- Jakob Benediktsson, 1948 a. „Inngangur.“ Guðmundur Andr sson: Deilurit. Jakob Benediktsson bj  til prentunar. * slenzk rit s dari alda* 2, Hi   slenzka fr daf lag   Kaupmannah fn.
- , 1948 b. Ole Worm’s Correspondence with Icelanders. *Bibliotheca Arnarnagn ana* VII. Ejnar Munksgaard, Kaupmannah fn.
- J n  rnason, 1862. * slenzkar þj ds gur og  fint ri* I. A  Forlagi J. C. Hinrichs’s b kaverzlunar, Leipzig.
- , 1961. * slenzkar þj ds gur og  vint ri* VI.  rni B  varsson og Bjarni Vilh lmsson  nnu ust  tg funa. B ka tg fan Þj dsaga, Reykjav k.
- J n Helgason, 1926. J n  lafsson fr  Grunnav k. *Safn Fr dafjellsins* V. Hi   slenzka fr dafjellag   Kaupmannah fn.
- , 1953. Norges og Islands Digtning. *Nordisk kultur* VIII:B. Upps lum, 3–179.
- , 1962.  slenzk fornkv  i I. *Editiones Arnarnagn ana*, Series B, vol. 10. Kaupmannah fn.
- , 1967. „ b ta v sur.“ Opuscula III. *Bibliotheca Arnarnagn ana* XXIX. Munksgaard, Kaupmannah fn, 173–183.
- , skr  og laus bl   um handrit K tludraums,  pr.
- , uppskriftir af t lf handritum K tludraums,  pr.
- J n Samsonarson, 1967. „Nokkur rit fr  16. og 17.  ld um  slenzk efni.“ Opuscula III. *Bibliotheca Arnarnagn ana* XXIX. Munksgaard, Kaupmannah fn, 221–271.
- J n Porkelsson, 1888. *Om digtingen p  Island i det 15. og 16.  rhundrede*. Kaupmannah fn.
- Katalog over Den Arnarnagn anske h ndskriftsamling*, 2. bindi. Kommissionen for Det Arnarnagn anske legat, Kaupmannah fn 1894.
- Kv  ab k s ra Gissurar Sveinssonar AM 147, 8vo. * slenzk rit s dari alda*: Lj sprentanir 2 (A, lj sprenta ur texti, og B, inngangur eftir J n Helgason). Hi   slenzka fr daf lag   Kaupmannah fn, 1960.
- L nnroth, Lars, 1971. „Hj lmar’s Death-Song and the Delivery of Eddic Poetry.“ *Speculum* 46, 1–20.
- M r J nsson, 1989. „Barnsfe run og ei at kur   17.  ld.“ *Ny saga* 3, bls. 34–46.
- N na Bj rk El asson, 1980. „Eru sagnadansar kvennat nlist?“ *Konur skrifa til hei urs  nnu Sigur ard ttur*. S guf lag, Reykjav k, 143–154.
-  lafur Davi sson, 1898.  slenzkar þulur og þj  kv  i. * slenzkar g tur, skemt nir, vikivakar og þulur* IV. Hi   slenzka b kmentaf lag, Kaupmannah fn, 1898–1903.
-  lafur Halld rsson, 1978. *Gr nland   mi aldaritum*. S guf lag, Reykjav k.
- Sigf s Sigf sson, 1991. * slenzkar þj ds gur og sagnir* X. Gr mur M. Helgason og Helgi Gr msson bjuggu til prentunar. B ka tg fan Þj dsaga, Reykjav k.
- Thompson, Stith, 1934. Motif-Index of Folk-Literature, vol. 3, F-H. *FF Communications* No. 108. Academia Scientiarum Fennica, Helsinki.

- The Types of the Scandinavian Medieval Ballad. Rítstj. Bengt R. Jonsson, Svale Solheim og Eva Danielson. *Skrifter utgivna av svenskt visarkiv* 5. Stokkhólmi 1978.
- Vésteinn Ólason, 1982. The Traditional Ballads of Iceland. *Rit* 22. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Porgeir Kjartansson, 1982. „Stóridómur: Nokkur orð um siðferðishugsjónir Páls Stígssonar.“ *Sagnir* 3, 2–12.
- Pormóður Torfason, 1705. Formáli í *Historia Hrolfi krakii*, útg. á latínu af Thormodum Torfæum. Kaupmannahöfn.
- Porvaldur Thoroddsen, 1898. *Landfræðissaga Íslands: Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar* II. Hið íslenska bókmentafjelag, Kaupmannahöfn.

SUMMARY IN ENGLISH

„*Kötludraumur: Literary Motif or Social Reality?*“

In the eddic meter but with the content of a ballad, the poem *Kötludraumur* (The Dream of Katla) relates the story of a married woman Katla who became pregnant during her husband's absence at the Althing. In a deep sleep she dreamt that Alvör, a woman whose name suggests „the hidden people“, led her to her son Kár, an elf, with whom Katla spent four days. Describing Katla's dream and her husband's and brothers' reaction, *Kötludraumur* exists in several versions and is preserved in about 80 MSS dating from the 17th to the 19th centuries.

Claiming that the poem was old and well-known in all quarters of Iceland, an early 17th century source identifies the married couple as belonging among the early settlers of the tenth century mentioned in the *Book of Settlements* (compiled in the 12th and 13th centuries). Nonetheless, the preserved versions of the poem stem from a period when the death penalty was meted out to people who committed the crime of which Katla was guilty. This harsh treatment was introduced in 1564 with the so-called *Stóridómur* and not repealed until 1838. The article examines the various versions of *Kötludraumur* and suggests the possibility that the poem reflects a burning social issue in 17th century Iceland: how to deal with a wife's extramarital pregnancy. Focusing on the wish of Katla's husband and brothers to conceal the pregnancy and accept the child as legitimate, the poem is in stark contrast to the official policy of prosecution in such cases promulgated by ecclesiastical and secular officials. The article concludes by suggesting that stories and poetry from older times be analyzed separately from clerical literature and law codes since the latter do not necessarily reflect the system of values dominant among ordinary people.